

Skólaráðsfundur

25. apríl 2023 kl. 8:15 á skrifstofu skólastjóra

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri, Elín Þuríður Samúelsdóttir fulltrúi kennara, Kristín Hulda Halldórsdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Rebekka Riviere Magnúsdóttir og Manassa Qarni fulltrúar foreldra og Júlía Teresa Radwanska og Emilía Rós Símonardóttir fulltrúar nemenda.

1. Líðankannanir - niðurstöður

Farið yfir niðurstöður líðankannanna sem lagðar voru fyrir nemendur skólans í mars. Umsjónarkennarar eiga að fara yfir niðurstöður með sínum bekkjum. Þarf að tryggja að svo sé gert.

2. Nemendafjöldi næsta skólaár

Miðað við íbúapróun næsta skólaár verður fjölgun nemenda í Stóru-Vogaskóla. Búist er við aukningu um 40 börn. Skólinn eins og hann er á að geta tekið við þeim fjölda án þess að brugðist sé sérstaklega við, fyrir utan einstaka frávík sem kunna að verða, eins og nemendur með þungar greiningar sem þarf að bregðast við.

3. Undirbúningur næsta skólaárs

Undirbúningur næsta skólaár er margþættur. Skóladagatal hefur verið rætt og samþykkt eins komið hefur fram. Starfsmannaviðtöl hafa farið fram og unnið úr þeim. Stundatöflugerð og niðurröðun kennara er í gangi og verður út maí.

4. Skipulag vorsýningar á uppstigningardag

Fyrirhuguð er hefðbundin vorsýning á uppstigningardag. Dagskrá verður um miðjan dag. Á eftir að setja niður endanlega dagskrá. Vorsýningin stendur af námsgagna- og verkefnasýningu, kaffi í Tjarnarsal sem 6. bekkur hefur umsjón með og tombólu hjá 6. bekk. Foreldrafélagið hefur hug á að koma að deginum eins og var fyrir covid.

5. Önnur mál

- Engin frekari mál rædd.

Fundi slitið kl. 9:10

Fundarritari: Elín og Hilmar